

## Fyrirspurn

til velferðarráðherra um húsnæðiskostnað.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hversu hátt hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilis hefur húsnæðiskostnaður hérlendis verið að meðaltali árin 2000–2010, sundurliðað eftir árum? Í hverju felst sá húsnæðiskostnaður?
2. Hversu hár hefur sambærilegur kostnaður verið í grannlöndum, eins og t.d. í Noregi og Svíþjóð, á árunum 2000–2010? Og hvert hefur hlutfall hans verið af ráðstöfunartekjum í þeim löndum, sundurliðað eftir árum?
3. Liggur fyrir opinber stefna um æskilegan húsnæðiskostnað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eftir skatt og ef svo er, hvert er það kostnaðarhlutfall?

Skriflegt svar óskast.